

**3229. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
30. nóvember 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakei Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes Karl Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1701009 - Fundargerðir 2017 - menningar- og safnanefnd

48. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 19. október 2017.
49. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 21. nóvember 2017.
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

2. 1710228 - Höfði - fjárhagsáætlun 2018-2022

Fjárhagsáætlun Höfða 2018-2021 var lögð fram til seinni umræðu á stjórnarfundum Höfða þann 27. nóvember síðastliðinn og samþykkt.

Fjárhagsáætlunin er send til umfjöllunar og afgreiðslu hjá Akraneskaupstað eins og kveðið er á um í skipulagsskrá Höfða.

Erindið lagt fram og fer til frekari vinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar.

3. 1710233 - Höfði - viðauki 2017

Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Höfða fyrir árið 2017 var samþykktur á stjórnarfundum Höfða þann 27. nóvember síðastliðinn. Viðaukinn er tilkominn vegna uppgjörss ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingu Höfða við A-deild Brúar lífeyrissjóðs.

Viðaukinn lagður fram og vísað til formlegrar afgreiðslu með gerð viðauka Akraneskaupstaðar vegna ársins 2017.

4. 1711189 - Snorraverkefnið 2018

Beiðni um stuðning vegna Snorraverkefnis 2018.

Bæjarráð felur bæjarstjóra í samstarfi við forstöðumann menningar- og safnamála að kanna hvort tækifæri felist í að útfæra þátttöku í verkefninu á árinu 2018.

5. 1711163 - Aflið - styrkbeiðni

Styrkbeiðni vegna reksturs frá Aflinu á Akureyri.

Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu að þessu sinni.

- 6. 1711173 - Saman hópurinn - styrkbeiðni**
Beiðni um fjárstuðning við forvarnastarf SAMAN-hópsins á árinu 2017.
Bæjarráð samþykkir að veita kr. 30.000 í styrk á árinu 2017 og er ráðstafað af liðnum 20830-4995.
- 7. 1710116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018-2022.**
Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018.
Bæjarráð samþykkir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2018.
Samþykkt 2:0 (IV situr hjá).
- 8. 1708093 - Fjárhagsáætlun 2018 (og vegna tímabilsins 2019 - 2022)**
Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2018-2021 lögð fram. Gerð verður grein fyrir tillögum um breytingar frá fyrri umræðu.
Afgreiðslu málsins frestað.
Aukafundur vegna gerðar fjárhagsáætlunar verður haldinn fimmtudaginn 7. desember næstkomandi kl. 08:15.
- 9. 1711182 - Áskorun frá félagi slökkviliðsmanna á Akranesi**
Áskorun frá Félagi slökkviliðsmanna á Akranesi dags. 21. nóvember síðastliðinn var tekin fyrir á f3228. fundi bæjarráðs þann 23. nóvember síðastliðinn og var bæjarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.

Haldinn var fundur með fulltrúum Hvalfjarðarsveitar 22. nóvember síðastliðinn og staðan yfirfarin. Ráðgert er að funda frekar um málið í desember.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi sínum með fulltrúum Hvalfjarðarsveitar sem fór fram 29. nóvember sl. Unnið er að greiningu kosta í stöðunni og fyrirhugaðir fleiri vinnufundir um málið með fulltrúum Hvalfjarðarsveitar.
Afgreiðslu málsins frestað.
- 10. 1701015 - Fundargerðir 2017 - starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk**
Fundargerðirnar lagðar fram.
Fundargerðirnar lagðar fram.
- 11. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi**
Starfshópurinn um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi vísar lokaskýrslu sinni til bæjarráðs. Með lokaskýrslunni telur starfshópurinn sig hafa lokið sínu starfi enda hefur hann unnið þau meginverkefni sem komu fram í erindisbréfi sem bæjarráð setti honum.
Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir þeirra störf og greinargóða lokaskýrslu. Bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins og gert er ráð fyrir að málið verði tekið fyrir að nýju á fundi ráðsins þann 25. janúar 2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:10.

Ólafur H. Þorsson
Vilhjálfur P. Guðbjartsson
Ragnar Ólafsson
Mikael Karl Guðjónsson
Ingríð Jón Valdmásson
Sveinn H. Ólafsson